

Stjórnarfundur FASK

16. fundur 16. Maí 2022 kl 11:00

Mættir: Fundurinn haldinn á Google meeting: Haukur Ingi Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson,

Bergþóra Ágústsdóttir og Sigrún Sigurgeirsdóttir

1. Undirbúningur aðalfundar 19 maí 2022:

Rætt var um helstu málefni aðalfundarins. Stjórn FASK leggur til óbreytta gjaldskrá frá fyrra ári, 12.500.- kr fyrir fyrirtæki og 6.750.- kr fyrir einstaklinga. Tvö atkvæði fylgja fyrirtækja gjaldi og eitt einstaklings gjaldi. Samþykkt að leggja fram lagabreytingar í samræmi við síðasta aðalfund félagsins frá 25. Jan 2021. Sem snúa að kosningu skoðunarmanna í stað endurskoðenda og að fækka varamönnum í stjórn félagsins niður í einn úr þremur. Hauki falið að skrifa skýrslu stjórnar ásamt starfsáætlun næsta árs og nýta í grein fyrir Eystrahorn þar sem fyrirtæki og einstaklingar verði hvattir til að ganga í félagið. Samþykkt að bjóða þeim sem ekki komast á fundinn að sitja fundinn á Teams.

2. Önnur mál.

Stjórn FASK fagnar þeirri ákvörðun Umhverfisráðherra að færa framkvæmdastjóra stöðu og höfuðstöðvar Vatnajökuls þjóðgarðs í Sveitarfélagið Hornafjörð. Í aðdraganda að stofnun þjóðgarðsins á sínum tíma voru gerðar miklar væntingar um að stofnun garðsins myndi auka á atvinnu uppbyggingu á nærsvæði þjóðgarðsins. FASK bendir á að lang stærstur hluti gesta garðsins hefur viðkomu í Skaftafelli og við Jökulsárlón ásamt því að leyfi vegna atvinnutengdrar starfsemi er að lang stærstum hluta úthlutað á starfssvæði suðursvæðis. Því verður að teljast tímabært og eðlilegt að þessi starfsstöð fá loksins sess í Austur - Skaftafellssýslu. Það er mikilvægt að ákvarðanir og framtíðar þróun garðsins nái betri tengingu við nærumhverfi þjóðgarðsins. FASK hlakkar til aukins samstarfs og samráðs við VJP um leið og FASK bíður þjóðgarðinn velkominn heim.

Málefni matarvagna við Jökulsárlón og útboð vegna þeirra var rætt á fundinum. FASK er sammála að þegar kemur að meðferð og úthlutun gæða innan garðsins verður að vanda til verka. Mikilvægt er að viðhafa lög um Vatnajökulsþjóðgarð til hliðsjónar þegar staðið er að útboðum vegna atvinnustarfsemi innan garðsins og gæta þess að öll markmið með stofnun þjóðgarðsins séu höfð í heiðri. Í ljósi þess að eignir í eigu ríkisins hafa verið seld með sérstökum skilyrðum og til valdra aðila gerir FASK einnig kröfu að gæði sem boðin eru út á vegum þjóðgarðsins verði boðin út með skilyrðum sem styðja við markmið þjóðgarðsins. FASK bendir á að ekki verði eingöngu horft til hæsta verðs þegar kemur að úthlutun gæða, enda var markmið með stofnun garðsins að styrkja nærsvæði þjóðgarðsins. Núverandi stjórn FASK beinir því til væntanlegrar nýrrar stjórnar að taka saman greinargerð um málefni úthlutun gæða og afstöðu FASK til þeirra. Þegar sú greinargerð liggur fyrir verði hún kynnt fyrir stjórn VJP.

Fundi slitið 12:00